

# Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

### 1.1 Vörukenni:

**Permabond 102**

### 1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Lím.  
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirleggjandi.

### 1.3 Söluaðili:

Landvélar  
Smiðjuvegi 66  
200 Kópavogur

### Framleiðandi:

Permabond Eng.Adhesives Ltd.  
Colden Common, Winchester  
Hampshire SO21 1WP, Bretland  
+44 (0)1962 711 661

Sími: 580 5800  
Netfang: [landvelar@landvelar.is](mailto:landvelar@landvelar.is)  
Veffang: [www.landvelar.is](http://www.landvelar.is)

[info.europe@permabond.com](mailto:info.europe@permabond.com)  
[www.permabond.com](http://www.permabond.com)

### 1.4 Neyðarsímanúmer:

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

## 2. Hættugreining

### 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfarum	SEM-VES 3

### 2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörðunarorð

**VARÚÐ**

Hættusetningar

H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfarum
EUH202	Sýnóakrýlat. Hætta. Límist við húð og augu á nokkrum sekúndum. Geymist þar sem börn ná ekki til.

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P264	Þvoið mengaða húð vandlega eftir meðhöndlun.
P271	Notið eingöngu utandyra eða í vel loftræstu rými.
P273	Forðist losun út í umhverfið.
P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífur/andlitshlífur.
P302+P352	BERIST EFNID Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni og sápu.
P304+P340	EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun.
P305+P351+P338	BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
P308+P313	EF um váhrif eða hugsanleg váhrif er að ræða: Leitið læknis.
P333+P313	Ef efnið ertir húð eða útbrot koma fram: Leitið læknis.
P337+P313	Ef augnerting er viðvarandi: Leitið læknis.
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Inniheldur

Etýl-2-sýnóakrýlat.

**2.3 Aðrar hættur:**  
Sjá einnig 11. og 15. lið.

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.  
(**PBT:** Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB:** Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

### 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

**3.1 Efni:** Á ekki við

**3.2 Blöndur:**

Etýl-2-sýanóakrylát			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	60 - 100
Raðnúmer	607-236-00-9	Varnaðarmerki:	Xi
EINECS, ELINECS	230-391-5	H-setningar	H36/37/38
CAS	7085-85-0	Flokkun, hættumerking	Ertandi
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðert.2 - H315, Augnert.2 - H319, SEM-VES 3 - H335			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

### 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

**4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:**

<b>Innöndun</b>	Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og látið hann hvílast í þægilegri stöðu sem auðveldar öndun. Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt.
<b>Snerting við húð</b>	Húðfletir límast saman við snertingu. Reynið ekki að hreinsa límið af húð eða fjarlægja mengaðan fatnað, þar sem límd húð gæti rifnað. Hreinsið húð vandlega með sápu og vatni.
<b>Snerting við augu</b>	Skolið varlega með miklu vatni í að minnsta kosti 15 mínútur og haldið augum vel opnum. Reynið ekki losa augnhvarma sundur, hafi þeir límist saman. Vætið klút með volgu vatni og leggið á augu. Leitið lækni. Harðnað lím binst ekki vel við augnyfirborð. en getur valdið núningskaða á hornhimnu. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolon.
<b>Inntaka</b>	Munnur getur límist saman við snertingu. Fram kallið ekki uppköst. Leitið strax lækni.

**4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:**

<b>Innöndun</b>	Getur valdið ertingu í öndunarfærum.
<b>Inntaka</b>	Munnur getur límist saman við snertingu.
<b>Snerting við húð</b>	Langvinn snerting veldur þurrki og sprungum, útbrotum, ertingu.
<b>Snerting við augu</b>	Veldur ertingu, bólgum og sviða.

**4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:**

Losið límda húðfleti varlega hvorn frá öðrum, frá jöðrum límingarinnar. Volgt sápuvatn auðveldar verkið. Límist augnhvarmar saman skal alls ekki beita afli, heldur leggja klút vættan í volgu vatni á augu og mun þá límingin losna smám saman.

### 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

**5.1 Slökkvibúnaður:**

<b>Hentugur slökkvibúnaður:</b>	Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
<b>Öhentugur slökkvibúnaður:</b>	Beinn vatnsgeisli.

**5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:**

Við bruna myndast eitradar og ertandi gufur, kolmónoxíð, koldíoxíð, nituroxíð og vetnissýaníð. Klútar sem hafa verið notaðir til upphreinsunar á efninu, geta hitnað verulega vegna hraðrar fjölliðunar og valdið sjálfstærðum. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og fargið skv. 13. lið.

**5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:**

Forðist innöndun gufu. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og fargið skv. 13. lið.

## 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Notið persónuhlífar. Rýmið mengað svæði. Reykið ekki. Forðist innöndun gufu.

### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Forðist losun í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Við minni háttar losun skal þurrka upp með klútum, sem síðan eru bleyttir með vatni til þess að koma af stað fjölliðun límsins. VARÚÐ: Klútar mengaðir af líminu geta hitnað og valdið sjálfsíkveikju, séu þeir ekki bleyttir. Við mikla losun skal rennbleyta mengað svæði með vatni, biða þar til límið hefur harðnað, og skrapa síðan upp með handverkfærum. Fargið skv. lið 13.

### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 7, 8, 12, og 13.

## 7. Meðhöndlun og geymsla

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Lokið umbúðum strax eftir notkun.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

### 7.2 Örugg geymsluskiyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið á kældum og þurrum stað í vel luktum upprunalegum umbúðum. Umbúðir ættu að standa uppréttar.

### 7.3 Sértek, endanleg notkun:

Lím.

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

### 8.1 Takmörkunarfærubreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m <sup>3</sup>	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m <sup>3</sup>	
Etyl-2-sýanóakrylát			0,3	1,5	WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

### 8.2 Váhrifavarnir:

#### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Hafið augnskol tiltækt á vinnusvæði.



#### Persónuhlífar

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

#### Augnhlífar

#### Húð - hendur

Notið hlífðargleraugu með hliðarvörn (EN 166), sé hætt á snertingu við augu. Notið efnahelda hanska t.d. úr nitrilgúmmí eða Viton (EN 374). Notið verndarkrem. Ekki er mælt með notkun bómullarhanska eða úr öðrum íseygum efnum.

#### Húð - annað Öndunarfæri

Athugið leiðbeiningar framleiðanda um gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska. Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar. Fari styrkur gufu/úða yfir viðmiðunarmörk, ætti að öndunargrímu með síu (EN 14387).

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Litur:	Litlaus
Lykt:	Sterk
Suðumark:	>100°C
Blossamark:	83°C
Gufuprýstingur (25°C):	0,6 mbar
Eðlismassi (20°C):	1,1 g/cm <sup>3</sup>
Vatnsleysni:	Fjöllíðast og harðnar í snertingu við vatn. Óleysanlegt í vatni. Blandast lífrænum leysiefnum.
Seigja (23°C):	80 mPas

### 9.2 Aðrar upplýsingar:

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

### 10.1 Hvarfgirni:

Hvarfast við vatn, útvermið.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og vinnuhitastig.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Efnahvörf með eftirtöldum efnum eru útvermin: Vatn, alkóhól, basar, amín.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hellið aldrei vatni á efnið, getur valdið hvellsuðu og slettumyndun.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Vatn, alkóhól, basar, amín.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna myndast eittraðar og ertandi gufur, kolmónoxíð, koldíoxíð, nituroxíð og vetnissýaníð.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

<b>Bráð eiturrhif</b>	Samkvæmt regluverki EB, eru sýaanóakrýlöt ekki flokkuð sem næmandi efni. Þar að auki dregur hröð fjöllíðun í snertingu við raka úr líkum á næmingu. ACGIH hefur þó takmörkuð gögn undir höndum, sem benda til næmingar í húð og öndunarfærum. Getur valdið ofnæmiseinkennum hjá viðkvæmum einstaklingum.
<b>Innöndun</b>	Getur valdið ertingu í öndunarfærum.
<b>Inntaka</b>	Munnur getur límst saman við snertingu.
<b>Snerting við húð</b>	Langvinn snerting veldur þurrki og sprungum, útbrotum, ertingu. Límir húð samstundis.
<b>Snerting við augu</b>	Veldur ertingu, bólgu og sviða. Límir augnhvarma við snertingu. Gufa veldur augnrennsli.

#### Etýl-2-sýanóakrýlat

	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD <sub>50</sub>	5000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhif, ísog um húð	LD <sub>50</sub>	2000	mg/kg	kanína	
Húðæting/erting		Væg erting		kanína	0,5 g/24 klst
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt			

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

### 12.1 Eiturrhif:

Efnið er ekki talið skaðlegt umhverfinu.

#### Etýl-2-sýanóakrýlat

	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Deilistuðull	LogKow	0,776			

#### Pólý(metýl metakrýlat)

	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Krabbamein		IARC flokkur 3 (ekki flokkað sem krabbameinsvaldur hjá fólki)			


12.2 Þrávirkni og niðurbrot	Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.
12.3 Uppsöfnun í lífverum	Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.
12.4 Dreifanleiki í jarðvegi	Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.
12.5 PBT/vPvB	Á ekki við.

## 13. Förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Skv. reglugerð nr. 184/2002 um spilliefni og annan úrgang, flokkast efnið og leifar þess sem : 08 04 09 (úrgangslím og -þéttiefni sem í eru leysar lífrænir leysar eða önnur hættuleg efni)
Óhreinar umbúðir	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinar umbúðir má endurvinna.

## 14. Upplýsingar um flutninga

ADR:		Varúðarmerking
UN Númer	3334	
Efnisheiti v. flutninga:	Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.	
IMDG:	Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.	
IATA:		
UN Númer	3334	
Efnisheiti v. flutninga:	AVIATION REGULATED LIQUID, N.O.S. (CONTAINS ETHYL CYANOACRYLATE)	
Hættuflokkur:	9	
Þökkunarflokkur:	III	

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

### 15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

## 16. Aðrar upplýsingar

### Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfarum

Dags: 03.07.2016

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

**PERMABOND ENGINEERING ADHESIVES**  
**SAFETY DATA SHEET**  
**PERMABOND 102**

Útgáfa:

11.09.2015 Endurskoðun 5